



Verklagsreglur vegna kjörs á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur

1.gr. Val á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur er samstarfsverkefni Afrekssjóðs Grindavíkur og aðalstjórnar UMFG.

2.gr. Rétt til að tilnefna hafa allar deildir UMFG sem og íþróttafélög í Grindavík sem eru aðilar að Íþróttabandalagi Suðurnesja . Fjöldi tilnefninga frá hverri deild eða félagi skal vera sem hér segir:

- Knattspyrnudeild UMFG: 2 karlmenn og 2 konur
- Körfuknattleiksdeild UMFG: 2 karlmenn og 2 konur
- Fimleikadeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Jú dódeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Sunddeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Takwondódeild UMFG: 1 karlmaður og 1 kona
- Golfklúbbur Grindavíkur: 1 karlmaður og 1 kona
- Íþróttafélag Grindavíkur: 1 karlmaður og 1 kona
- Knattspyrnufélag GG: 1 karlmaður og 1 kona
- Hestamannafélagið Brimfaxi: 1 karlmaður og 1 kona

3.gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni og íþróttakonu ársins skulu hafa náð 16 ára aldri. Þó er heimilt að tilnefna ungling 14 – 16 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttgrein.

4.gr. Þegar skilað er inn tilnefningum skulu deildir/íþróttafélög skila inn greinargerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek / keppni erlendis á árinu (félag / landslið) í unglunga- eða fullorðinsflokki:
- Afrek / keppni á Íslandi í unglunga- eða fullorðinsflokki:
- Afrek / keppni í Grindavík í unglunga- eða fullorðinsflokki:
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðinsflokki)
- Umsögn um íþróttamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.

Útdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

5.gr Val á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur er í höndum 10 manna nefndar sem er þannig skipuð;

- Aðalstjórn UMFG (5)
- Íþrótt- og æskulýðsnefnd Grindavíkur (5).

Ef einstaklingur á sæti bæði í stjórn aðalstjórnar UMFG og íþrótt- og æskulýðsnefnda er heimilt að varamaður einstaklingsins í íþrótt- og æskulýðsnefnd greiði atkvæði.



6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti bæði í karla- og kvennaflokki. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins og íþróttakonu ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að deildir/íþróttafélög hafa sent inn greinargerðir með tilnefningum sínum, skal sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kýs. Þar geta fulltrúa þeirra deilda/íþróttafélaga sem tilnefna, komið og kynnt nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Sviðsstjóri skal boða fulltrúa deilda/íþróttafélaga á fundinn.

7.gr. Tilnefningar skulu hafa borist frístunda- og menningarfulltrúa Grindavíkur fyrir 15. desember ár hvert. Frístunda- og menningarfulltrúi tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar sem síðan skilar atkvæði sínu í kassa á skrifstofu frístunda- og menningarfulltrúa fyrir 20. desember.

8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanns og íþróttakonu Grindavíkur fer fram á Gamlársdag.

9.gr. Hvatningarverðlaun.

Öllum deildum innan UMFG og íþróttafélögum í Grindavík sem eru innan ÍS er heimilt að tilnefna einn ungling sem hlýtur svokölluð hvatningarverðlaun Afrekssjóðs Grindavíkur og UMFG. Verðlaunin skulu veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annarra unglunga.

Lágmarksaldur hvatningarverðlauna er 7. bekkur, hámarksaldur er 10. bekkur.

Samþykkt með breytingum í frístunda- og menningarnefnd 4. febrúar 2015.